

Alþingi

Erindi nr. P 140/2030

komudagur 3.5.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. apríl 2012

0706184SA GB

Málalykill: 381

Efni: Umsögn um þátt. um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál – þingskjal 1165.

Þeirri tillögu að þingsályktun sem nú liggur fyrir Alþingi er ætlað að reka smiðshöggvið á ferli sem staðið hefur yfir í meira en áratug og á sér raunar enn lengri aðdraganda. Markmið verkefnisins er að skapa sátt um virkjanastefnu og eftir atvikum friðun einstakra virkjanakosta.

Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefndi árið 2007 einn fulltrúa í verkefnisstjórn, sem stóð að tillögu verkefnisstjórnarinnar um áætlunina á sl. ári. Rétt er að taka fram að þátttaka í verkefninu af hálfu sambandsins hafði ekki það markmið að hafa áhrif á flokkun einstakra virkjanakosta heldur eingöngu að tryggja að þær tillögur sem þar væru settar fram væru byggðar á faglegum rökum, að undangenginni vandaðri málsmeðferð faghópa. Ekki var tilefni til þess að gera athugasemdir við þær tillögur sem fram komu í þessu ferli. Af þeirri ástæðu sendi sambandið ekki inn umsögn um drög að þingsályktunartillögu sl. haust. Jafnframt lagði fulltrúi sambandsins áherslu á að í ferlinu yrði skipulagsvald sveitarstjórna virt og gerð var grein fyrir þeim áherslum í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Er sú áhersla í samræmi við stefnumörkun sambandsins fyrir tímabilið 2011-2014, þar sem fram kemur að skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsstjórnarréttar sveitarfélaga.


Hagsmunir einstakra sveitarfélaga af því að virkjað verði innan þeirra marka hafa ekki verið sérstaklega í forgrunni af hálfu sambandsins í tengslum við þetta verkefni og tekur sambandið því ekki afstöðu til flokkunar einstakra virkjanakosta í þingsályktunartillögunni. Stjórn sambandsins hvetur hins vegar sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga til þess að koma afstöðu sinni á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis. Samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðherra og að höfðu samráði við umhverfisráðherra, voru sex virkjanakostir færðir úr nýtingarflokki í biðflokk áður en gengið var frá tillögunni til framlagningar á Alþingi. Í skýringum við þingsályktunartillöguna er fyrst og fremst vísað til varúðarsjónarmiða til stuðnings fyrir þessum breytingum.

Þegar slíkar grundvallarbreytingar eru gerðar á tillögum sem settar eru fram að loknu mjög umfangsmiklu stjórnsýsluferli hlýtur Alþingi að þurfa að meta hvort skýr og málefnaleg rök ráði ákvörðun.

Ljóst er að öndverð sjónarmið hafa komið fram um gildistíma nógildandi umhverfismats vegna hugsanlegra virkjana í neðri hluta Þjórsár og hvort þörf sé að framkvæma nýtt mat. Einnig er uppi ágreiningur um nauðsyn þess að rannsaka betur möguleg neikvæð áhrif virkjana á laxagengd í Þjórsá.

Með vísan til þess að sterk viðbrögð hafa víða komið fram við breyttri flokkun virkjanakosta í þingsályktunartillögunni frá þeirri flokkun sem verkefnisstjórnin kynnti er ástæða til að óttast að líkur minnki á því að víðtæk sátt verði um þá þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir eins og upphafleg efni stóðu til. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er þess vænst að atvinnuveganefnd Alþingis gaumgæfi vel hvort þessar breytingar séu byggðar á nægilega traustum grunni og leiti allra leiða til að sem mest sátt náist um tillöguna svo hún verði traustur grunnur við ákvarðanatöku um vernd og orkunýtingu landsvæða næstu áratugi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri